

# Ársskýrsla landsaðgangs 2006

## Landsaðgangur

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland. Allir sem tengjast í gegnum íslenska netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgang að þeim gagnasöfnum og rafræn tímarit sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um. Auk þess veitir landsaðgangur upplýsingar um gögnin, lista yfir tímarit í aðgangi, samsteypuleit og upplýsingar um gagnasöfn í opnum aðgangi. Í þessari skýrslu eru upplýsingar um:

### Samninga um landsaðgang

#### Framkvæmd

#### Kynningarstarfsemi á árinu

#### Heimsóknir á árinu

#### Innkaupanefnd

#### Þjónustu

#### Notkun

Samningar um landsaðgang á árinu 2006 voru:

### Gagnasöfn:

- Britannica Online
- GROVE Art
- GROVE Music & Opera
- Web of Science

### Tímaritasöfn (greinasöfn):

#### Innan sviga er fjöldi titla í desember 2005:

- Blackwell Synergy (832 titlar)
- Elsevier ScienceDirect (1.780 titlar)
- Greinasafn Morgunblaðsins (-3 ár)
- Karger Online (81 titill)
- ProQuest 5000 Int. (4.600 titlar)
- SpringerLink (1.310 titlar)

Einnig er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta aðganginn fyrir allt landið.

### Kostuð gagna- og greinasöfn:

- ASCE
- ASME
- EiVillage með Compendex
- OVID

### Aðilar sem kosta aðganginn:

Landsvirkjun, Verkfræðideild HÍ, ÍAV og nokkrar verkfræðistofur.

Verkfræðideild HÍ.

LSH, Landlæknir, HA og FSA.

Á vef landsaðgangsins eru síðan krækjur á mörg gagnasöfn sem eru í opnum aðgangi og ekki tekin frekari ábyrgð á þeim aðgangi.

## Framkvæmd

Menntamálaráðuneyti hefur gert þjónustusamning við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn um framkvæmd samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Á fjárlögum ársins 2006 var úthlutað 27,3 milljónum króna til að standa straum af kostnaði við samninginn. Það fé rennur til að taka þátt í kostnaði við áskriftir og til að greiða laun starfsmanna safnsins.

Einn starfsmaður vann í fullu starfi við umsjóslu, kynningu, umsjón með vefnum <http://hvar.is> og ýmis önnur störf sem tengjast landssamningum. Fjórir aðrir starfsmenn safnsins hafa unnið að samningagerð, gerð greiðslulíkana, innheimtu og fjárumsýslu. Þessi störf samsvara tveimur ársverkum í safninu.

## Kynningarstarfsemi á árinu

- Kynning var haldin á aðganginum fyrir starfsfólk skólasafna í Reykjavík á vegum Skólasafnamiðstöðvar 6. mars.
- Umsjónarmaður hélt kynningar í Reykjanesbæ 13. mars á fundi framhaldsskólabókavarða og í Bókasafni Reykjanesbæjar.
- Umsjónarmaður landsaðgangs hélt almenna kynningu á aðganginum í Þjóðarþóklöðu 23. mars. Sú kynning miðaðist við að bókaverðir sem voru á námskeiði í Endurmenntun HÍ gætu nýtt sér daginn einnig til þessarar kynningar.
- Umsjónarmaður kynnti aðganginn 26. september í Skagafirði. Kynningar voru í Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks, fyrir starfsfólk Héraðsbókasafns Skagfirðinga, í Byggðastofnun og í Hólaskóla.
- Umsjónarmaður kynnti aðganginn 13. október á Selfossi. Kynningar voru fyrir starfsfólk Bæjar- og héraðsbókasafnsins, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Fjölbautaskóla Suðurlands.
- Umsjónarmaður skrifaði grein í fylgirit sem fylgdi *Morgunblaðinu* 14. janúar og grein í sjálft blaðið 24. september, báðar um landsaðganginn. 19. og 24. október var flutt tvískipt viðtal við hann í *Speglinum* á Rás 1 um gildi gagnasafna í opnum aðgangi og í landsáskrift.
- Bæklingum var dreift til bókasafna eftir beiðnum frá þeim og þegar umsjónarmaður kynnti aðganginn. Alls var dreift 6.300 bæklingum árið 2006, samanborið við 5.900 bæklinga árið 2005.
- Umsjónarmaður sendi kynningu í formi bréfs með bæklingum til dýralæknastofa í landinu í september.
- Á árinu var unnið að breytingum og viðbótum á vef landsaðgangs, <http://hvar.is>.
- Umsjónarmaður hélt fyrirlestra um landsaðganginn í tveimur námskeiðum í HÍ. Þetta eru *Vinnulag í bókasafns- og upplýsingafræði* og *Upplýsingaleiðir II*, bæði kennd í bókasafnsfræðiskor. Hið fyrrnefnda er kennt í september en hið síðarnefnda í janúar. Efnistökin eru á þann veg að í fyrra námskeiðinu er farið almennt yfir aðganginn en í því seinna er farið dýpra í einstaka þætti hans.

Póstlistinn Skrudda, sem er opin og öllum er vilja taka þátt, og vefsetrið hvar.is eru skilgreindar upplýsingaleiðir fyrir landsaðganginn. Yfir 530 áskrifendur voru að Skruddu árið 2006 og má ætla að nær allir sem starfa að bókasafna- og upplýsingamálum í landinu fylgist með skrifum þar. Fréttir af öllum nýjungum birtast reglulega á Skruddu og á vefsetrinu hvar.is.

### Heimsóknir á árinu

- Fulltrúar frá Elsevier komu til landsins 4. maí. Þau kynntu ScienceDirect og Scopus og þjálfuðu fólk í notkun þeirra í Þjóðarbókhöðunni.
- Fulltrúi frá Swets kom í Þjóðarbókhöðuna 15. júní og kynnti þjónustu fyrirtækisins.
- Fulltrúi frá Blackwell var hérlendis 31. ágúst, kynnti Synergy og önnur gagnasöfn á vegum Blackwell.
- Fulltrúi frá Thomson ISI, sem gefur út Web of Science var með kynningar og þjálfun í gagnasöfnum þeirra 4.-5. október. Kynningar sem stóðu öllum opnar voru 4. október í Háskólanum á Akureyri. 5. október voru kynningar og þjálfun í Þjóðarbókhöðunni.

### Innkaupanefnd

Samkvæmt þjónustusamningi starfar nefnd sex sérfræðinga við hlið Landsbókasafns, innkaupanefnd. Hlutverk hennar er að ákveða hvort taka eigi upp nýja samninga, endurnýja eldri eða fella þá niður. Hún ákveður einnig hlutfall bókasafnstegunda í greiðslum vegna gagna- og greinasafna. Nefndin hélt 13 fundi á árinu. Efst á baugi var nýtt greiðslufyrirkomulag fyrir rafræn tímarit. Engir nýir samningar voru teknir upp á árinu en unnið að samningum við Sage og Ebsco, sem voru teknir upp í janúar 2007 og verður fjallað um í ársskýrslu fyrir það ár.

Eldri samningar voru endurnýjaðir. Seinni hluta ársins var unnið að endurnýjun samninga við Blackwell, Elsevier, Karger, Springer og Thomson (vegna Web of Science). Samningar við alla þessa aðila voru framlengdir til þriggja ára og gilda 2007 til 2009. Rætt var við útgefendur Britannica um framhald samnings við þau, sem gildir ár í senn frá 1. maí.

Í innkaupanefnd sátu: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásdís Hafstað, Bryndís Ísaksdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Guðrún Pálsdóttir og Margrét Gísladóttir.

### Þjónusta

Haldið var áfram að nota tímaritalista frá TDNet. Einnig var tekið í notkun samsteypuleit (meta-search engine) frá TDNet sem nefnist Searcher-Analyzer. Eins og nafnið bendir til er leitartækið tvíþætt. Þegar notandi hefur leitað í mörgum gagna- og greinasöfnum samtímis og fengið niðurstöður, hefur Analyzer-þátturinn greint niðurstöður, samþætt þær og stungið upp á frekari leitarskýrðum. Þessi hluti getur leitt notanda áfram á svið sem ekki voru ljós í upphafi leitar.

## Notkun

Aukning varð frá fyrra ári á notkun þeirra gagna- og greinasafna sem eru í áskrift í landsaðgangi að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum, sem sjá má á *hvar.is*. Þetta eru helstu staðtölur:

<i>Greinasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Aukning
	2006	2005	
Elsevier ScienceDirect	150.820	147.299	2,4%
Karger Online	5.624	3.494	60,9%
Morgunblaðið - greinar eldri en 3 ár	51.655	44.447	16,2%
ProQuest 5000	340.030	235.002	45,6%
SpringerLink	18.405	15.805	16,5%
<b>Samtals</b>	<b>560.910</b>	<b>446.047</b>	<b>25,8%</b>

<i>Gagnasafn</i>	Greinar sóttar í fullri lengd		Aukning
	2006	2005	
Britannica	95.977	68.318	40,4%
Grove Art	14.998	12.259	22,3%
Grove Music	28.285	20.883	35,4%
<b>Samtals</b>	<b>139.260</b>	<b>107.585</b>	<b>29,4%</b>

<i>Tilvísanasafn</i>	Leitir 2006	Leitir 2005	Aukning
<b>Web of Science</b>	<b>116.251</b>	<b>111.783</b>	<b>4,0%</b>

<i>Vefsetrið hvar.is</i>	2006	2005	Samdráttur
Gestir	77.918	102.685	(24,6%)
Innlit	157.118	190.497	(16,7%)
Flettingar	299.622	375.696	(22,8%)

Umferð á *hvar.is* er mæld af Modernus. Sjá skilgreiningar á vef Modernus, <http://www.modernus.is>.

Tölur um notkun Blackwell á Íslandi hafa ekki verið rétt skilgreindar hjá útgefandanum og virðist villan hafa komið fram í lok árs 2004. Þegar þessi skýrsla er gefin út, er verið að vinna að því að fá réttar notkunartölur fyrir árin 2005 og 2006. Þær verða því ekki teknar með að þessu sinni en birtast á vefnum *hvar.is* um leið og öruggar tölur fást. Tölur frá Blackwell benda til að notkunin hafi verið rúmlega 51.000 greinar sóttar í fullri lengd árið 2005 en hafi margfaldast haustið 2006, sérstaklega í Háskóla Íslands.

Sveinn Ólafsson